

N-Múlasýsla
Fellahreppur

Skógargerði
Athugasemdir
og viðbætur 1

S k ó g a r g e r ð i

Athugasemdir og viðbætur.

Helgi Gíslason, Helgafelli, Fellabæ, skráði athugasemdir og viðbætur við örnefnaskrá Skógargerðis 30. marz 1987. Bæði er þar um að ræða svör við spurningum og viðbætur hans. Guðrún S. Magnúsdóttir gekk frá handriti til vélritunar. Miðað er við örnefnaskrá Víkings Gíslasonar. Helgi er bróðir hans, f. 22. ágúst 1910.

Læurnar eru gamlir og grónir farvegir Rangár (2). Í Bollalænu (8) eru tvær dældir (bollar), sem lænan dregur nafn af.

Svartimór (13) heitir svo, vegna þess að hann er dekkri á að líta en aðrir móar við læurnar og hæstur þeirra. Mór þessi er við ána og myndast þar hár bakki þverhniptur, kolsvartur til að sjá, Svartibakki (14).

Kvíahraun (32) er um 200 m frá bæ (Gamlabæ (39)). Fráfærum lauk um 1920, en 10 síðustu árin var ekki fært frá árlega.

Helgi þekkir ekkert svæði, sem nefnist Leyningur. Leyningshús (42), fjárhús og hlaða, mun hafa fengið nafn sitt vegna þess, að það er í hvarfi frá bænum, eftir að endurbyggt var 1917 nokkru ofar en Gamlibær stóð.

Svarðartekja var í Skógargerði frá ómunatíð, síðast tekinn upp um 1951; þá kom rafstöðin við Rangána.

Svörðurinn var mjög góður eldiviður, þykktin var 10-12 stungur.

Kvíaból (53) er um 300 m frá Gamlabæ (39).

Rétt og Réttarsteinar (180) eru við Réttartún (54).

Helga var sagt, að Bjarnahús (56) væri kennt við Bjarna Bjarnason, sem var húsmaður í Skógargerði 1881-82, vegna þess að hann hafi haft fé sitt í þessu húsi.

Helgi þekkir steininn, sem nefndur er Dvergasteinn (72), en ekki nafnið. Það hlýtur því að vera nýlega til komið eða eftir að hann fór frá Skógargerði 1936.

Það, sem kallaður eru Gömlugötur (86), eru nú fyrir löngu vallgrónar gamlar greinilegar götur, sem minna á, hvar leið ferðamanna lá utan úr Tungu, yfir Rangána á Efstavaði (121), um hlað í Skógargerði (Gamlabæ), inn neðan við Langahjalla (181), og áfram má rekja þessar götur um Urriðavatns- og Selása að ferjustað á Fljótinu eða Lagarfljótsbrú.

Smáskúti er undir Skútakletti (88) á parti.

Það er glögg dæmi um Gömlugötur, að nauðsynlegt var að brúa illfæra keldu, þar sem leiðin lá yfir hana. Hefir þá keldan fengið sitt nafn, Brúarkelda (90). Þetta er meira en meters djúpur skorningur. Raðað hefir verið grjóti sitt hvorum megin neðst og lagðar hellur yfir, síðan fyllt þar ofan á með torfi.

Ein varða er á Vörðuhrauni (91). Fær Helgi ekki séð eða veit ekki, hvaða tilgangi hún þjónar.

Klaufir (106) eru geilar gegnum klettabelti,

nokkurra metra víðar. Þetta eru sýnilega sprungur, mjög áberandi, t.d. í klettunum innan við Ekkjufell.

Talið var, að einhver Gunnar hafi drukknað í Rangá (2) og heiti þar síðan Gunnarshylur (124).

Helgi telur, að Hvítamýri (182) (Hvítumýrar (133)) dragi nafn sitt af því, að fífa hafi vaxið þar í grunnu kerri (dapi) yzt í mýrinni. Þetta er þó bara ágizkun, því að ekki man hann eftir fífu þar; ker þetta er þurrt orðið.

Við Stekkablá (140) voru tóftir utan við Einbúann (137). Þar gat hafa verið stekkur. Sléttað var yfir þessar tóftir, þegar bláin var tekin til ræktunar.

Tóftir gamlar voru innarlega á Tóftás (160), þar sem beitarhúsin voru reist, sagði faðir Helga; gæti ásinn dregið nafn sitt af þeim tóftum.

Háahraun (177) er klettahryggur, lakkandi til beggja enda, norðan (vestan) í klettinum, þar sem hann er hæstur, var smalakofi á stalli í klettinum.

Helgi kallaði mýrina (sem um er rætt) alltaf Hvítumýri. Þetta er samfelld mýri, ekki mýrar í fleirtölu.

Ýmist var sagt Innstuklettur (74) eða Innstiklettur (183), algengara Innstiklettur.

Það má vera, að stundum sé sagt Markamýri (85). Helgi kallaði mýrina Markamýri (184), enda liggja landamörkin um þessa mýri.

Bls. 1. 4. 1. a. o. Seljateigi (í stað: Seljar-teigi).

5. 1. a. o. 1906 (í stað: frá aldamótum).

6. 1. a. n. Rangánni (í stað: ánni).

Bls. 2. 15. 1. a. o. Ytratún (185) (í stað:
Ytraflag).

Bls. 3. 4. 1. a. o. 1922 (í stað: skömmu eftir
1920).

15. 1. a. o. Eftir Lambhúshóll (47). komi: Sunn-
an í Lambhúshól er Kinn (186) og austan í honum Hálabrekka
(187).

9. 1. a. n. Eftir Svarðargrafir. komi: Gamli-
brunnur (188) er við Sund, spölkorn utan við Svarðargrafir.

Bls. 4. 6. 1. a. o. Vestur (í stað: Norður).

12. 1. a. o. 1912 (í stað: um 1920).

Bls. 5. 11. 1. a. n. Eftir í bæinn. komi: Nær
bænum við Bæjarásendann var brunnur, kallaður Næstibrunnur
(189).

6. 1. a. n. Miðásnef (190), vestan (í stað: Mið-
ástúta (105), norðan.

Bls. 6. 6. 1. a. o. Eftir torf. komi: Torfið
skorið í sundinu, þurrkað í Torfholtum.

15. 1. a. o. Eftir ull. komi: Ullarbotn (190)
er þar við ána.

3. 1. a. n. í (í stað: á).

Bls. 7. 1. 1. a. o. vestan (í stað: norðan).

15. 1. a. o. Eftir Stekkás (146) komi: Stekkás-
endi (191) yzt.

12. 1. a. n. Stekkáss (í stað: hans).

Bls. 8. 13. 1. a. o. af (í stað: að).

5. 1. a. n. Eftir heyjað komi: eins og víðar í
sundum og mýrum.

Stafrófsskrá örnefna

Gamlibrunnur 188
Hálabrekka 187
Hvítamýri 182=133
Innstiklettur 183=74
Kinn 186
Langihjalli 181
Markamýri 184=85
Miðásnef 190=105
Næstibrunnur 189
Réttarsteinar 180
Stekkásendi 191
Ullarbotn 190
Ytratún 185=25

N-Múlasýsla

Skógargærði

Fellahreppi

Athugasemd

S k ó g a r g e r ð i

Athugasemd.

Eftirfarandi upplýsingar komu fram í símtali við Helga Gíslason 28. apríl 1987:

Hálabrekka (187) er brött brekka en ekki há, og höfðu krakkar gaman af að renna sér niður hana, ýmist standandi (á sauðskinnsskóm) eða á rassinum. Brekkan var nefnd þessu nafni, þegar Helgi var ungur. Hann veit ekki um aldur þess.

Reykjavík, 28. apríl 1987

Guðrún S. Magnúsdóttir

Guðrún S. Magnúsdóttir